

LÖG**um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984,
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 58. gr. laganna (sbr. lög nr. 54/1986) orðist svo:

Lán skv. b- og c-liðum 33. gr. eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu á eftirstöðvum lánstímans. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 49. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG**um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og bæjum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins bæjarráð. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélags, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfelld, að sveitarfélag nefnist kaupstaður eða bær þótt annað heiti sé notað í einstökum lögum. Réttarstaða bæja skal vera sú sama og kaupstaða samkvæmt sérlægum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.